

Nd.

634. Frumvarp til laga

[177. mál]

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 95 milljónir króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f. Lán úr mótvirðissjóði skulu vera með 5½% vöxtum og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar, og áskilja einstakir nefndamenn sér óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 47 16. marz 1951 var heimilað að lána 120 milljónir úr mótvirðissjóði til virkjananna við Sog og Laxá og til áburðarverksmiðju.

Með þessu lagafrumvarpi er heimilað að lána 95 milljónir í viðbót til þessara fyrirtækja. Er þó ekki líklegt, að það fé hrökkvi til þess að brúa bilið milli kostnaðarverðs fyrirtækjanna og þess, sem til þeirra er fram lagt annars staðar frá. Þykir þó ekki tímabært eða nauðsynlegt að samþykkja nú frekari heimildir til lána úr mótvirðissjóði en hér er lagt til.

Fé því, sem heimilað er að lána úr mótvirðissjóði, ber að skipta þannig milli fyrirtækjanna þriggja, að þau fái samtals af Marshallfé (þ. e. samanlagt af Marshalláninu og mótvirðissjóðsláninu) hvert um sig jafnháa fjárhæð hlutfallslega miðað við stofnkostnað fyrirtækjanna.

Kostnaðarverð þessara mannvirkja er nú áætlað sem hér segir:

Sogsvirkjunin	190 milljónir
Laxárvirkjunin	54 —
Áburðarverksmiðjan	108 —

Samtals 352 milljónir

Gera má ráð fyrir, að í mótvirðissjóð komi samtals um 340 milljónir króna, miðað við þau Marshallframlög, sem nú hafa verið ákveðin.

Til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs eru ætlaðar 50 milljónir, og til fyrirtækjanna hafa verið heimilaðar 215 milljónir, verði þetta frumvarp samþykkt.“